

Námsáætlun fyrir íslensku - 5. bekkur
skólaárið 2018 – 2019



Kennari: Helga Björk og Ragnhildur G.

Tímafjöldi: 7 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p>Talað mál, hlustun og áhorf</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar. • Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum. • Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi 	<ul style="list-style-type: none"> • Að nemendur fái tækifæri til að tjá sig, segja frá eigin reynslu, endursegja og lesa upp eigin texta og annarra og æfi sig að sýna flytjendum tillitssemi, hvort sem er inn í kennslustofunni eða á öðrum viðburðum á vegum skólans. • Að nemendum sé gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda þegar margir vilja tjá sig og æfi sig í að fara eftir þeim. • Nemendur taki þátt í stuttum leikþáttum og söngatriðum t.d. á árshátíð og í helgileikriti. 	<p>Verkefni í framsögn.</p>
<p>Lestur og bókmenntir</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað. • Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær. • Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju. • Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta. 	<ul style="list-style-type: none"> • Lögð verður áhersla á að nemendur auki lestrarhraða sinn. Nemendur lesa daglega heima í 15 mínútur upphátt fyrir foreldra/forráðamenn. Yndislestur fer fram á hverjum degi og þá lesa nemendur í bók að eigin vali í 10 mínútur í hljóði. • Daglega er lesið fyrir nemendur þeim til skemmtunar og fróðleiks. Nemendur eiga fasta tíma á bókasafninu og geta valið sér bók til að lesa í heima eða í skólanum. • Nemendur þjálfast í lesskilningi með því að hlusta á texta, lesa texta og vinna verkefni og/eða svara spurningum úr þeim. 	<p>Lesferill, lesfimispróf í september, janúar og maí. Lesskilningskannanir.</p>

<p>Ritun</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur. • Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim. • Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur eru þjálfaðir í að semja sögur og lesa þær upp. • Nemendur skrifa eftir forskrift. • Stafsetning er þjálfuð markvisst. Þá eru unnar æfingar, skrifaðir textar og reglur kenndar og þjálfðar. 	<p>Skriftarkönnun tvisvar yfir skólaárið.</p>
<p>Málfræði</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það. • Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það. • Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál. 	<ul style="list-style-type: none"> • Kennsla í málfræði tengist fjölbreyttri verkefnavinnu sem miðar öll að því að efla almenna þekkingu og tilfinningu nemenda fyrir móðurmálinu. • Nemendur vinna með tungumálið á ýmsan hátt t.d með sögum, myndasögum, krossgátum og ýmsum orðaleikjum. • Unnið er með orðflokkana nafnorð, sagnorð og lýsingarorð út frá helstu einkennum þeirra. • Lögð er áhersla á vandaðan frágang allra verkefna 	<p>Tvær skriflegar kannanir yfir skólaárið.</p>
<p>Námsgögn: Lestrarbækur í samræmi við getu og áhuga hvers og eins. Skrift 5, ýmis spil, margvíslegir textar, Mál í mótun, Skinna verkefnabók 2, Skræða, lesbók og vinnubók, Vandamálið – Þetta er málið nemendabók I og vinnubók, Þetta er málið nemendabók II. Málrækt 2.</p>			

Lokanámsmat:

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnistáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.